

Hér eru tillögur um svolitlar viðbætur í kaflann um varúðarsvæði. Það gæti komið til greina að hafa enn ákveðnari fyrirvara varðandi Vörðufellsvirkjun og leggja til að hún fari í verndarflokk. Upplýsingar um Hestvirkjun eru af mjög skornum skammti á þessu stigi enda hefur þessi hugmynd ekki enn fengið meðferð á Alþingi. Hugmyndin kemur einnig til umsagnar hjá sveitarfélaginu í fyllingu tímans.

Gísli Gíslason

2.3.4 Varúðarsvæði

Í grein 6.2. í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013 segir: „Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Í Rammaáætlun (2. áfanga) er fjallað um virkjanakosti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í flokkun virkjanakosta í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða eru sex virkjanakostir í biðflokki og einn í verndarflokki. Svæði í biðflokki eru Urriðafossvirkjun, Hestvatnsvirkjun, Vörðufellsvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun. Með þingsályktun um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141, nr. 16/144, sem samþykkt var á Alþingi 1. júlí 2015 var Hvammsvirkjun færð úr biðflokki í orkunýtingarflokk og er því fjallað um hana í kafla 2.2.7. [Sveitarstjórn gerir fyrirvara við Vörðufellsvirkjun þar sem ekki liggur fyrir vitneskja um möguleg áhrif virkjunar á vatnsverndarsvæði, en fjöldi vatnsbóla er í hlíðum Vörðufells.](#)

Verkefnisstjórn um Rammaáætlun hefur skilað af sér niðurstöðum þriðja áfanga. Þar eru Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun í orkunýtingarflokki en Vörðufellsvirkjun, Búrfellslundur og Hestvirkjun (áður Hestvatnsvirkjun) í biðflokki.

Þriðji áfangi rammaáætlunar hefur ekki verið staðfestur af Alþingi. Sveitarstjórn hvetur til þess að við afgreiðslu Alþingis á 3. áfanga rammaáætlunar verði Stóru-Laxárvirkjun færð í verndarflokk meðan ekki liggja fyrir óyggjandi rök fyrir því að náttúra og lífríki svæðisins njóti ásættanlegrar verndar við það rask sem virkjunin hefði í för með sér. [Ennfremur er gerður fyrirvari um Hestvirkjun þar sem áhrifsvæði virkjunar er afar umfangsmikið og nær yfir farveg Hvítár á um 11 km löngum kafla.](#) Sveitarstjórn hefur ekki tekið afstöðu til annarra virkjanakosta þar sem útfærsla framkvæmda liggur ekki fyrir.

Virkjanakostir í biðflokki eru auðkenndir með hringtákn á skipulagsupprætti þar sem afmörkun þeirra liggur ekki fyrir. Er þeir taldir upp í töflu hér að neðan:

Svæði í biðflokki í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða		
Nr.	Heiti	Lýsing
VA1	Urriðafossvirkjun	Með Urriðafossvirkjun er nýtt um 40 m fallhæð í neðanverðri Þórsá. Gert er ráð fyrir stíflu í 50 m y.s. nokkru ofan Þjórsárbrúar og um 9 km ² inntakslóni, Heiðarlóni, sem er að stórum hluta í núverandi farvegi árinna. Stöðvarhús verður á Heiðartanga í landi Þjórsártúns í Ásahreppi. Stíflumannvirki eru að mestu í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Svæðið er tvískipt og nær yfir fyrirhugað lón, haugsetningarsvæði E5 og hluta haugsetningarsvæðis E1 og iðnaðarsvæði. Uppsett afl virkjunar er áætlað allt að 125 MW og orkuvinnslugeta allt að 930 GWst/ári.
VA2	Hestvatnsvirkjun	Gert er ráð fyrir að stífla Hvítá, virkja við enda aðalstíflunnar upp við Hestfjall og gera frárennsligöng frá virkjuninni í gegnum Hestfjall og skila vatninu aftur út í Hvítá við Brúnastaðaflatir. Hestvatn er nýtt sem miðlunarlón og -Uppsett afl er allt að 34 MW. Þessi virkjunarkostur er settur fram með töluvert breyttum hætti í 3. áfanga rammaáætlunar en þar er gert ráð fyrir um 11 km² miðlunarlóni í farvegi Hvítár sem nær frá stíflu norðan Árhrauns og norður á Höfðaflatir vestan Vörðufells.
VA3	Vörðufellsvirkjun	Úlfsvatn á Vörðufelli verður virkjað, vatnið verður nýtt sem miðlunarlón og til orkuframleiðslu þegar þörf væri á viðbótarafli. Vatni verður dælt upp í lónið aftur. Uppsett afl er allt að 58 MW.